




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting á reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi

14.01.2021



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

3502-014-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Anna Bragadóttir



BLÁSKÓGABYGGÐ

Aðalskipulag 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6
2.1.3	Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	6
2.1.4	Deiliskipulag	6
2.1.5	Minjar	6
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	6
4	UMHVERFISÁHRIF	7
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	7
4.2	Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið	8
4.2.1	Valkostir og samanburður	9
4.2.2	Niðurstaða	9
5	MÁLMEÐFERÐ	10
5.1	Skipulagslýsing	10
5.2	Umsagnaraðilar	10
5.3	Skipulagsferli	10

1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er gerð að ósk hestamanna og felur í sér að sett verður inn reiðleið með hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og reiðleið sem er í aðalskipulagi færð vestur fyrir veginn. Forsvarsmenn hestamanna telja að vestan vegarins sé heppilegri staðsetning fyrir reiðleið. Með því að leggja reiðleið frá Einholtslæk að Biskupstungnabraut fjölgar útreiðamöguleikum og til verður hringleið með núverandi leið sem liggur með Einholtslæk og Biskupstungnabraut.

1.1 Skipulagsgögn

Greinargerð og uppdráttur.

2 FORSENDUR

Breytingin snýst um að setja inn reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi, frá Biskupstungnabraut að Einholtslæk. Frá Einholtslæk að Einholtsvegi er á aðalskipulagsupprætti gert ráð fyrir reiðleið austan við veginn, en með breytingunni verður hún færð vestur fyrir veginn. Reiðleiðin verður innan veghelg-unarsvæðis Skeiða- og Hrunamannavegar og er á svæði sem þegar hefur verið raskað með vegagerð, girðingum og skurðum.

Á svæðinu eru ekki þekkt náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar, skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Skipulag í dreifbýli

Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.

2.1.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi umfjöllun um reiðleiðir, kafli 2.6.2.

- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminum.
- Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.
- Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum eins og unnt er til að bæta öryggi hestamanna og bílaumferðar.

2.1.3 Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Reiðleið verður á röskuðu svæði meðfram Skeiða- og Hrunamannavegi. Því er ekki um að ræða að gengið sé á svæði sem hentar vel til ræktunar eða er verðmætt vegna náttúruverndar. Með reiðleiðinni er stuðlað að fjölbreyttum ferðamáta og leiðavali fyrir hestamenn.

Í aðalskipulagi er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu reiðstígakerfis og að reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum eftir því sem hægt er.

Breytingin er talin vera í samræmi við landsskipulagsstefnu. Þá er breytingin í samræmi við aðalskipulag, nema hvað varðar að færa reiðleiðir frá þjóðvegum.

2.1.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

2.1.5 Minjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmda-tíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á aðalskipulagsuppdrætti fyrir byggðina.

Í breyttu aðalskipulagi er reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi, milli Einholtsvegar og Einholts-lækjar, færð vestur fyrir veginn. Frá Einholtslæk að Biskupstungnabraut er sett inn ný reiðleið vestan vegarins. Tengist hún reiðleið sem liggur með Biskupstungnabraut.

4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Gerð verður grein fyrir áhrifum skipulagsins á umhverfið í samræmi við skipulagslög.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímallengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

TAFLA 1. Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfispáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknnum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.2 Umhverfispættir matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfispættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til umhverfispátta í töflu 1 og leitast við að svara matsspurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni. Þar sem breytt reiðleið er innan veghelgunarsvæðis Skeiða- og Hrunamannavegar þá er um raskað svæði að ræða. Ekki er því talið að á svæðinu finnist fornminjar og minjar ekki taldar upp sem umhverfispáttur. Þá á breytingin ekki að hafa áhrif á eignarlönd þar sem um veghelgunarsvæði er að ræða.

TAFLA 2. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.
Gróður	Hefur stefnan áhrif á gróður?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Vistgerðarkortlagning NÍ, vistgerðir með hátt verndargildi.
Ásýnd og landslag	Hefur stefnan áhrif á ásýnd og landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 1. og 2. mgr. 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. umfjöllun í kafla 2.1.1.
Landnotkun	Rýrir stefnan nýtingarmöguleika og gildi svæðisins?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. Stefna um reiðleiðir í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. umfjöllun í kafla 2.1.1.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi, þ.m.t. umferð hestafólks ?	Stefna um reiðleiðir og samgöngur í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. umfjöllun í kafla 2.1.1.

4.2.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

Breytt skipulag. Reiðleið verður færð vestur fyrir Skeiða- og Hrunamannaveg og hún lengd að Biskups-tungnabraut.

Núll kostur. Ekki verður gerð breyting á reiðleið.

Samanburður

Breytt skipulag: Reiðleiðin er innan veghelgunarsvæðis og var svæðinu raskað þegar Skeiða- og Hrunamannavegur var gerður. Ekki er talið að á veghelgunarsvæðinu séu jarðmyndanir eða gróður með hátt verndargildi. Breytingin hefur engin áhrif á jarðmyndanir og gróður. Reiðleið með veginum verður sýnileg þeim sem aka um hann. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin óveruleg. Breytingin hefur engin áhrif á landnotkun. Umferð hestafólks með vegum hefur neikvæð áhrif á umferðaröryggi, bæði hestafólks og þeirra sem aka um veginn.

Núll kostur: Áfram verður reiðleið með hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og er hún innan veghelgunarsvæðis sem er raskað svæði. Ekki er talið að á veghelgunarsvæðinu séu jarðmyndanir eða gróður með hátt verndargildi. Breytingin hefur engin áhrif á jarðmyndanir og gróður. Reiðleið með veginum verður sýnileg þeim sem aka um hann. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin óveruleg. Breytingin hefur engin áhrif á landnotkun. Umferð hestafólks með vegum hefur neikvæð áhrif á umferðaröryggi, bæði hestafólks og þeirra sem aka um veginn. Áhrifin eru samt sem áður minni en af breyttu skipulagi þar sem reiðleið er einungis með hluta vegarins.

4.2.2 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt því að gerðar verði reiðleiðir um sveitarfélagið enda nýtast þær íbúum til útiveru og jafnframt fyrir ferðaþjónustu með hestaferðum. Æskilegt er að allar reiðleiðir liggi fjarri vegum því það bætir umferðaröryggi þeirra sem aka um veginn sem og hestafólks. Sveitarfélagið stefnir áfram að því að reiðleiðir verði færðar frá helstu vegum. Meðan ekki hefur tekist samkomulag við landeigendur um útfærslu slíks reiðleiðakerfis þá er vilji til að heimila reiðleiðir með vegum.

5 MÁLSMEÐFERÐ

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

5.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var auglýst frá 16.12.2020 með athugasemdafresti til 08.01.2021.

Umsögn barst frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemdir. Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir ástæðu breytingarinnar og skýra hvers vegna tilteknir umhverfisþættir eru valdir en ekki aðrir.

5.2 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins.

5.3 Skipulagsferli

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs. <http://www.utu.is/>. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulagsfulltrúa fyrir auglýstan tímafrest.


Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst í byrjun árs 2021 og staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda snemma vors.

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027


Bláskógabyggð



Breyting á reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi



Breyttur aðalskipulagsuppráttur.



Gildandi aðalskipulagsuppráttur.

SKÝRINGAR

F	Fristundabyggð
SL	Landbúnaðarsvæði
SL	Skógræktar- og landgræðslusvæði
VB	Verslun og þjónusta
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
Stofnvegir	Stofnvegir
Tengivegir	Tengivegir
Héraðsvegir/landsvegir	Héraðsvegir/landsvegir
Reiðleiðir	Reiðleiðir
Landamerki, óviss og ekki tæmandi	Landamerki, óviss og ekki tæmandi
Ræktað land	Ræktað land



Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Breyting á reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi


SKIPLAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skiplagsgögn:

- Aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð og umhverfisskýrsla.

Kortagrunnur:

IS50v frá Landmælingum Íslands.
Hnitakerfi er ISN93.



VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNID:	RÝNT:
3502-014	A4	IS	---

MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:50.000	14.01.2021	---

SAMPYKKT: